

í mannkyninu sem heild. Í öðru lagi er siðferðis bundið við þetta líf og það ástand sem því fylgir. Hvort að siðferðislög þau, sem hér eru góð og gild væru það einnig í einhverju öðru lífi væri alt undir eðli sálarinnar og ástandi því, sem hún þar væri í komið.

Guðshugmynd Kants er afleiðing af siðferðishugmyndum hans og trúarbrögðin eru frá hans sjónarmiði sama og siðferðis. Kant hefir hér á alveg réttu að standa. Trúarskoðanirnar eru þýðingarlausar nema þær hafi eitthvert gildi fyrir lífið sjálft, hafi áhrif á hugarfar manna og lífsbreytni þeirra. Aðeins þær trúarskoðanir, sem eiga rætur sínar að rekja til lífsins sjálfs, sem vaxa upp af viðleitni mannsins til betra og göfugra lífs geta haft og hafa sanna þýðingu. Þær mega ekki vera rétttri þekkingu gagnstæðar, en þær þurfa þrátt fyrir það ekki að sannast eins og vísindalegar sannreyndir; þær eru hugsjónir, og að fara með þær eins og reikningsdæmi er að misskilja eðli þeirra. Kant hafði þessa skoðun á trúarbrögðunum, og þess vegna talar hann um trúna sem afleiðingar siðferðishugsjónanna.

Pegar Kant dó átti hann marga áhangendur á þýzkalandi. Trægastur þeirra var Jóhann Gottlieb Fichte. Hann lagði hugmynd Kants um sjálfsmeðvitund skynseminnar til grundvallar fyrir heimspeki sinni, og komst að þeirri niðurstöðu að í insta eðli sínu væri alheimurinn ein samfeld skynsemi, sem hann nefndi hið takmarkalaus *ég*. Með honum byrjaði þýzka hugspekin, sem komst á sitt hæsta stig í heimspeki Hegels snemma á níttjándu öldinni. Hugspeki þessi hvarf að mestu leyti frá hinni gagnrýnandi aðferð Kants og líktist á endanum stefnu þeirri, sem hann hafði barist á móti. Um miðja níttjándu öldina tóku menn að snúast á móti heimspekinni á þýzkalandi og fóru að leggja alla áherzlu á náttúruvísindin. En nú um síðastliðin tuttugu ár hefir áhuginn fyrir heimspekinni vaknað aftur þar sem annar staðar. Og nú er það heimspekisstefna Kants, sem má segja að sé ráðandi þar. Fjöldi manna nefna sig fylgjendur spekingisins frá Königsberg. Fylgjendur hans skiftast aðallega í tvo flokka. Í öðrum flokknum eru prófessorarnir Cohen og Natorp í Marburg fremstir, en í hinum prófessor Riehl